

1262. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 24. apríl 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Harpa Sævarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Arnþór Sigurðsson varamaður.

Fjarverandi: Bjarni Þór Sigurðsson og Jennifer Schröder.

Næsti fundur: 7. maí 2024

1. Fundargerð 1261. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1261. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Sameining Leiðsagnar við VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Leiðsögn hagsmunagreining“ til kynningar og afgreiðslu.

Ragnar Þór sagði að forsvarsmenn Leiðsagnar hafi leitað til félagsins um viðræður um mögulega sameiningu félaganna en aðalfundur Leiðsagnar hefur heimilað stjórn að hefja slíkar viðræður.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir hagsmunagreiningu á mögulegri sameiningu félaganna.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 17:40.

Umræður

Í umræðum kom fram að kjarasamningur Leiðsagnar er laus.

Að umræðum loknum var borin undir atkvæði tillaga um að VR hefji formlega viðræður um mögulega sameiningu.

Samþykkt, einn stjórnarmaður sat hjá.



3. Breyting á búvörulögum, næstu skref

Fyrir fundinum lá skjalið „Breytingar á búvörulögum minnisblað til stjórnar“ til kynningar og afgreiðslu.

Einnig lágu fyrir fundinum eftirtalin skjöl: „Bréf Matvælaráðuneytis til Alþings vegna breytinga á búvörulögum“, Umsögn um breytingar á frumvarpi um framleiðendafélög frá Samkeppniseftirlitinu; „Breyting á búvörulögum lögfræðialit Hafsteins Dan“ og „Bréf VR, NS, FA til Matvælaráðuneytis“ til upplýsinga.

Stefán fór yfir minnisblað um málið. VR, Neytendasamtökin, Félag atvinnurekenda og SVP fengu Hafsteinn Dan Kristjánsson, lektor við lögfræðideild HR, til að útbúa álitsgerð um hvort breytingar á búvörulögum samræmist 44. gr. stjórnarskrárinnar. Álitaefni er hvort breytingar sem gerðar voru á lagfrumvarpinu í meðförum Alþingis hafi verið það umfangmiklar að lögin hafi ekki fengið þrjár umræður á Alþingi eins og 44. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um.

Álitsgerðin liggur nú fyrir. Þar kemur fram að færa megi rök fyrir því að faglegu ferli við lagafrumvörp hafi ekki verið fylgt og að málið hafi ekki fengið rétta þinglega meðferð. Matskennt sé hvort farið hafi fram þrjár umræður eins og kveðið er á um. Aldrei hefur hins vegar reynt á sambærilegt mál fyrir dómstólum. Réttarfarslega kann að reynast snúið að fara með málið áfram.

Áætlaður kostnaður við málarekstur yrði 4 – 7 m.kr. sem myndi skiptast á þá aðila sem fara áfram með málið. Fyrir stjórn liggur að taka afstöðu til næstu skrefa.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Ragnar Þór fyrir til atkvæðagreiðslu tillögu um að VR láti reyna á málið fyrir dómstólum.

Sjö greiddu atkvæði með, þrír greiddu atkvæði á móti og þrír sátu hjá. Tillagan telst samþykkt.

4. Fundur með ASÍ 16. maí vegna komandi þings ASÍ

Fyrir fundinum lágu skjölin „Minnisblað – undirbúningur fyrir ASÍ þing 2024“ og „ASÍ þing 2024“ til kynningar.

Stefán fór yfir málið. Alþýðusambandið hyggst fara í tvær fundarherferðir um landið í aðdraganda þings sambandsins en það verður haldið um miðjan október. Fyrri fundarherferðin hefst núna á vormánuðum og er fyrirhugað að fundað verði hjá VR þann 16. maí. Markmiðið er að kynna og skapa umræður um þau viðfangsefni sem tekin verða fyrir á þinginu.

Umræður

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 20:30.

